

Reglugjörð

6

14. jan.

fyrir Austur-Skaftafellssýslu um fjallskil, meðferð á óskilafje, refaveiðar o. fl.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndin annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. kafli.

Um upprekstur.

2. gr.

Allir þeir, er afrjett eiga, eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til uppreksturs fyrir gjeldfje sitt, ef hagatollur fer eigi fram úr 5 aurum fyrir hverja sauðkind, og skal gjalddagi hagatolls vera fyrir lok októbermánaðar, ef öðruvísi er eigi um samið. Þar sem engan afrjett er hægt að fá, má nota heimalönd til sumararbeitar, en þess skal þó gætt, að heimahögum sje ekki íþyngt um of. Heimilt skal hreppsnefnd að gera ítölu í afrjett, þar sem því verður komið við.

3. gr.

Hreppsnefndin hefir vald til að segja fyrir hvernig haga skuli rekstrum í afrjett, og um að reka það fje aftur til afrjettar, sem fram rennur að sumrinu.

III. kafli.

Um lögsöfn.

4. gr.

Þrjú skulu lögsöfn hvert haust. Skal byrja hið fyrsta ekki síðar en fyrsta virkan dag í októbermánuði. Hvenær hin 2 fram fara, skal hreppsnefndin ráða, en gjöri sjer far um, að í þeim verði samgöngur við næstu hreppa. Ef

6 veður hannar safn eða ónýtir á rjettum safndögum, skal taka næsta dag, er veður 14. jan. ur leyfir. Fjórdá lögsafn mega hreppsnefndirnar fyrirskipa, ef þurfa þykir. Enginn fjáreigandi, sem fjallskil á að gera, getur skorast undan að inna þau af hendi eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Allir búendur, húsmenn og lausamenn, sem hafa til umráða 10 sauðkindur að lömbum meðtöldum, skulu skyldir til að leggja til lögsafna, eftir því sem hreppsnefnd fyrirskipar. Heimilt skal hreppsnefnd að jafna niður fjallskilum á þann hátt að leggja tíma þann, er venjulega gengur til lögsafna, niður í dagsverk, og jafna síðan niður á fjáreigendur í rjettu hlutfalli við fjártölu hvers eins, að undanskildum búsmala, og eftir þörfum, svo fjárheimtum verði fullnægt svo vel sem unt er. Rjett er, eftir því, sem við verður komið, að hver leggi þangað til safns, er hann á helst fjár von. Aðfinningar við niðurbjörgun fjallskila skal bera upp brjeflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar áður en fjallskilum er lokið, og fer um þær eftir sömu reglum og gefnar eru í 39. og 40. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905.

6. gr.

Hreppsnefndin boði með fjallskilaseðli, eigi síðar en 10 dögum fyrir fyrsta lögsafn, hvernig leitum skuli hagað, og hverjir skuli fara í utansveitarrjettir.

7. gr.

Hreppsnefndinni ber að ráða umsjónarmann — fjallkóng — einn eða fleiri við afrjettarsmölun; hefir hann eða þeir öll ráð og fyrirsögn á hendi á afrjettinum, skipar í leitir, og ræður sjerhverju öðru, er smöluninni viðvikur, alt þangað til safnið er komið til lögrjetta, og er leitarmönnum skylt að hlýða honum meðan á þessu stendur; einnig skal hann sjá um, að leitin gangi eigi inn í annara afrjett. Allar leitir fari samhliða fram, svo að eigi leynist eða renni fje á milli.

8. gr.

Sjerhver leitarmaður skal vera með fullri greind og heilsu, og forsvaranlega útbúinn að hestum, nesti, fötum, skóledri og tjaldrúmi. Hreppsnefndin skal haga svo til, að hinir markglöggustu, sem völ er á, sjeu sendir í utansveitarrjettir.

9. gr.

Ef fjallkóngur, með 2 tilkvöddum leitarmönnum, sem best eru tilfallnir, gjörir einhvern leitarman aftureka fyrir einhvern brest á því, sem áður er talið, eða fyrir óhlýðni, er að álíta sem hlutaðeigandi búandi hafi engin fjallskil gjört, en skjóta má hann úrskurði fjallkóngsins til hlutaðeigandi hreppsnefndar til endilegra úrslita.

10. gr.

Haga skal fjallgöngum, þar sem því verður við komið, svo að eigi verði misgöngur hreppa á milli; skulu hreppsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, komá sjer saman um, hvernig því verði viðkomið. Hver búandi er skyldur að

leita heimaland ábylisjarðar sinnar, ef það er eigi stærra en svo, að það sje notað fyrir búsmala frá heimili manns, og reka skilvislega til rjetta allan þann fjenað, sem þar finst og hann á ekki sjálfur, eftir nákvæmri ráðstöfun hreppsnefndarinnar. 6
14. jan.

IV. kaffi.

Um rjettir.

11. gr.

Lögrjettir og aukarjettir skulu vera í hverjum hreppi, þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður nú með ráði búenda. Þær rjettir skal byggja og þeim viðhalda þeir hreppsþúar, sem þær nota helst og þeim eru næstir, eftir fyrir-mælum hreppsnefndar. Þegar lögrjett eða aukarjett skal byggja eða bæta, kveður hreppsnefnd með seðli til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rjett eiga uppi að halda, og svo marga, sem menn ætla til þurfa.

Rjettarbóndi skal stýra þeim verkum, eða sá, sem hreppsnefndin ákveður.

Nú vilja allir búendur heldur borga fyrir rjettarhleðslu en vinna að henni, og skal þá hreppsnefnd kaupa menn til starfa, en jafna kostnaði niður á rjettarþúendur, eftir fjárhæð hvers þeirra. Dilka skal byggja hjá lögrjettum öllum, þar sem hreppsnefnd þykir þurfa.

12. gr.

Rjettarstjóri skal vera við hverja rjett þá dregið er, og skipar hann nægilega marga menn til að draga úr óskilafje. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Sýni nokkur í rjettinni óhlýðni gegn skipun hans varðar það sektum. Svo skal og ætíð einn af hreppsnefndarmönnum eða valinn maður af þeim vera við rjettir sveitarinnar á rjettardögum til þess að gæta nauðsynlegrar reglu með rjettarstjóra, og hafa gætur á, að fjenaður sje eigi rangdreginn í dilkana.

V. kaffi.

Um eftirleitir.

13. gr

Hreppsnefnd má fyrirskipa eftirleitir, þá er henni þykir þurfa.

14. gr.

Fari einhverjir í eftirleit, að afloknum þeim eftirleitum, sem hreppsnefndin fyrirskipar samkvæmt þessari reglugjörð, skulu þeir fá $\frac{1}{4}$ verðs eftir mati hreppsnefndar af því sauðfje, sem þeir finna í innfjöllum eftir að liðnar eru 6 vikur af vetri.

VI. kafli.

Um meðferð á óskilafje.

15. gr.

Kalineyrt fje og eyrnalaust fje og ómerkinga alla skal sjerhver reka til lögrjettar, bæði í fjallasöfnum og bygðasöfnum, og skal rjettarstjóri sjá um, að alt slíkt fje sje dregið í dilk sjer. Síðan skal leiða ær að ómerkingum, sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrjett sinn með óbrigðulum einkenum, eða með tveimur samhljóða vottum. Enginn getur þó helgað sjer kind af fjárbragði einu saman.

Haldi einhver slíku fje, er hjer um ræðir, frá rjettum, án leyfis hreppsnefndar, eða dragi sjer úr rjett án leyfis rjettarstjóra með launung eða ofriki, hefir hann fyrirgjört hinn sömu kind, þótt síðar geti sannað eignarrjett eða móðir helgi sér ómerking.

Enginn má blóðmarka fje í rjettum eða að hausti til nema í viðurvist tveggja valinkunnra manna, og skulu þeir, ef krafist verður, geta gjört grein fyrir hvaða mark hafi áður á verið.

16. gr.

Ómerkinga þá, er enginn getur helgað sjer, sbr. 15. gr., skal selja að afloknum lögsöfnum, og skal andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Kalineyrt og eyrnalaust fje skal selja hlutaðeigandi sveitarsjóði til inntektar í hverri rjett, jafnótt og það kemur fyrir, ef enginn getur helgað sjer það eftir brennimörkum eða hornmörkum.

17. gr.

Úr fyrsta og öðru lögsafni, skal óskilafje slept í bygð, en í 3. rjett skal það afhent hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá tekur það í gæslu, sjer um að reglulegar lýsingar gangi á því til næstu hreppa, og síðan skal það selt við fyrirfram auglýst opinbert uppboð, ef eigendur hafa eigi leitt sig að því. Í gæslukaup ber hreppstjóra 2 au. fyrir hvert lamb, og 4 au. fyrir eldri kind um sólarhringinn.

18. gr.

Til næstu fardaga á eftir á eigandi aðgang að söluverði hvernar kindar, en borgi allan löglegan áfallinn kostnað. Hafi þá enginn eigandi gefið sig fram, tilfelli andvirðið þeim hreppi, þar sem óskilafjed er selt.

19. gr.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn á sauðfje, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og augljóst mark eða önnur óræk sönnunargögn.

20. gr.

Yfir höfuð skal farið eftir skrásettum eyrnamörkum og auglýstum brennimörkum, en því að eins eftir óskrásettum eyrnamörkum, brennimörkum eða hornmörkum, að eigandi gefi skýringar um þau.

VII. kafli.

Um fjárrækstra bæja á milli.

21. gr.

Þeir sem taka við rekstrum hjá haustrjettum, skulu reka þá þangað, sem rjettarstjóri mælir fyrir, og eins og hann ákveður.

22. gr.

Enginn búandi skal láta fje annara manna vera saman við fje sitt lengur en hann fær hjá komist, heldur skilja það úr, og láta reka til næsta bæjar í þær áttir, sem eigendur eru.

23. gr.

Þegar rekstur kemur á bæ, skal bóndi eða annar í hans stað rannsaka kindurnar og seðla, ef fylgja, og taka úr, ef rangdregið er, og stefna í rjetta átt. Nú er enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ, og skal þá rekstrarmaður skilja úr fje, er eftir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta rekstrarfærs manns. — Það sem áfram skal halda, skal reka tafarlaust til næsta bæjar, ef fjeð er hvorki þreytt nje hungrað, ella skal beita því eða gefa því hey. Þannig skal reka og fara með það þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er eigi skylt að reka. Skal bóndi geyma hana sem sitt fje, og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma kindinni í hann, ef þess er kostur.

24. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í vondum húsum, eða úti í fávíðrum.

25. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim.

26. gr.

Rekstrum á utansveitarfje ráðstafar hreppsnefndin eftir málavöxtum.

6
14. jan.

27. gr.

Þegar áfelli dettur á milli lögsafna, eða eftir lögsafn, svo hýsa þurfi og gefa utansveitarfje, sem er í hreppnum, þá skal þar hirða, sem það er statt, þegar áfelli dettur á, nema hreppsnefnd skipi öðruvisi fyrir, þangað til kostur verður á að koma því til eiganda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár greiði eigandi við móttöku fjárins eftir mati hreppsnefndar.

VIII. kafli.

Um sauðfjármörk.

28. gr.

Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa glögt markeinkenni á öllu sínu fje. — Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir sýsluna 5. eða 10. hvert ár. Skal sjerhver markeigandi skyldur að koma marki sínu í hana, og borga fyrir það í prentkostnað, það sem sýslunefndin ákveður, en hvert heimili skal ókeypis fá eitt eintak af markaskránni.

29. gr.

Fje skal dregið eftir skrásettum brennimörkum og eyrnamörkum. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema lögfúll sönnun komi fyrir, að annar eigi. Kind, sem ekki ber rjett mark manns, brennimark eða eyrnamark, er heimildarlaust að draga sjer, þótt lítið eitt vanti á fult mark, nema maður geti sannað eignarrjett sinn á henni með vitnum.

30. gr.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það hreppsnefndaroddvita fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp. Einnig skal það tilkynnt oddvitum í næstu hreppum, og skulu þeir innfæra það í markaskrár sínar. Eigi má taka upp fjármark eða nota, er annar sýslubúi hefir. Sá, sem tekur upp nýtt fjármark, greiði fyrir það 50 aura til oddvita hreppsins, er aftur greiði það til sýslusjóðs, með tilkynningu um, hver sje eigandi marksins. Hið sama gildir og, er mark er flutt inn í sýsluna.

31. gr.

Önnur mörk en þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar, eða auglýst og borgað fyrir samkv. 30. gr., er ekki leyfilegt að nota; ella verður farið með slíkt fje sem óskilafjenað.

IX. kafli.

Um vorsmölun.

6

14. jan.

32. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin. Þar sem heimalönd eru viðáttumikil og liggja þannig, að margir úr hreppnum eiga þar fjár von, mega hlutadeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga helst fjár von, hjálpi til við smölunina, eftir því sem hreppsnefndum þykir sanngjarnt.

33. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin, þegar hentugast þykir; skal rjettað á sama degi úr þeim löndum, er fje getur gengið saman í. Einnig getur hún látið göngur fram fara í afrjettum, ef þörf gerist. Hið sama gildir að því er snertir smölun til fráferna.

34. gr.

Nú finst fje, er sloppið hefir úr höndum eiganda, eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar rúning er afstaðin, er þá finnandi skyldur til, ef honum er unt, að rýja það og marka ómörkuð lömb. Gjöri hann eiganda full skil á ullinni og greini fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri kind, er hann rýr eða markar, en fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi má þó yfirstíga 20 aura fyrir að rýja kind og 10 aura fyrir að marka lamb.

X. kafli.

Um rekstur á sölufje.

35. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri skal einn ávalt vera yfirmaður. Skal hann bera ábyrgð gagnvart öðrum á öllu því, er rekstrinum viðvikur. Hann skal ætíð geta gjört nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjárins.

36. gr.

Alt fje í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skýru rekstrarmerki í malir eða hnakka, er sje svo glögt, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þó votveður gangi.

37. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim er lönd þau eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstrum lendi saman við

6 annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema 14. jan. brýn nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

38. gr.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og gæta þess vandlega, að engin kind verði eftir, sem eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður, telja rekstrarfjeð. Yfirmanni rekstursins ber að sjá um, að fje það, er saman við hefir komið, komist í áttaga sína eigendum kostnaðarlaust.

39. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að reka fje annara manna heimildarlaust, skal rekstrarstjóri bæta eigendum það að fullu, eftir samkomulagi, eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilkveður, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gjört af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum eftir reglugjörð þessari, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

40. gr.

Yfirmaður sölufjárreksturs skal annast um, að rekstrarreglum þessum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kærir, en á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

41. gr.

Sölufje telst einnig það fje, sem rekið er í kaupstað til slátrunar. Sömu reglur gilda og um fje þeirra manna, er flytja búferlum.

XI. kafli

Um eyðing refa, grenjaleitir og grenjavinslu.

42. gr.

Refir eru óhelgir hvervetna, og skal eyða þeim með eitri og skotum og hverjum helst hætti, sem unt er. Þó má eigi bræla grön nje rifa, nema þá er það eigi verður unnið með öðru móti.

43. gr.

Hvar sem refa vart verður, skal hreppsnefndum skylt að sjá um, að eitrad sje fyrir refi á vetrum, þá er mest eru harðindi, og skulu 3 hinir kunnugustu menn í hverjum hreppi tiltaka hvar og hve víða eittra skuli. Hreppsnefndin skal sjálf velja menn þessa, og sjeu þeir einkum valdir, er best skyn bera á refaveiðar.

44. gr.

6

Búendur í hverjum hreppi, þar sem grenja er von, skulu skyldir að gera 14. jan. grenjaleitir í löndum sínum á vori hverju þá og þar, er hreppsnefndin álitur þess helst þörf, og kveður þá til þessa með nægum fyrirvara, milli fardaga og Jónsmessu. Skal hún fela einum manni eða fleirum að ráða fyrir leitinni. Ef einhver þeirra, er kvaddur er, mætir eigi á ákveðnum tíma, verður álitid, sem hann hafi hvergi farið, og varðar það 3 kr. sekt, nema hann sanni lögleg forföll. Geti einhver bóndi eigi látið mann í leitina, verður hann að fá til mann annars staðar, en gjöri hann það eigi, skal leitarforingi fá þann mann á kostnað búanda.

45. gr.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hvert að hafa ráðið skotmann, einn eða fleiri, til að vinna gren í hreppnum. Enginn skotmaður má, án gildra orsaka, skorast undan að vinna gren innan hrepps; hreppsnefnd skal annast um að útvega mann með skyttunni á grenið. Skotmaður skal fá 4 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur á greni, 8 kr. fyrir hið síðara dýrið, og 50 auro fyrir hvern yrðling, er hann getur sannað, að hann hafi náð á greni. Í kaup fær hann minst 2 kr. um hvern sólarhring, sem hann liggur við greni, og sama kaup fær viðlegumaður. Báðir skulu fæða sig og leggja sjer til hesta án sérstaks endurgjalds.

46. gr.

Hvar sem gren finst, skal þess gætt, þar til skotmaður kemur, annars skal þar enga umgöngu hafa og engin vegsummerki gjöra, fyrr en skotmaður er kominn. Nú finst gren, þótt ekki sje í leit, og skal sá, er finnur, tafarlaust skýra hreppsnefnd frá, eða skotmanni, ef hann er nær.

47. gr.

Sýni skotmaður eða vökumaður skadlega vanrækt um vinslu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eftir málavöxtum, eftir því sem hreppsnefndin ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir atkvæði sýslunefndarinnar.

48. gr.

Hver sem vinnur dýr utan dýraleita, fær 4 kr. fyrir hvert dýr, er hann vinnur á þennan hátt.

49. gr.

Hverjum þeim, sem elur yrðlinga eða refi heima hjá sjer og sleppir þeim úr gæslu, varðar það sekt, ekki minni en 4 kr., nema hann geti sannað, að refurinn hafi náðst aftur og verið drepinn. Skyldar eru hreppsnefndir að senda sýslunefndinni ár hvert greinilega skýrslu um grenjaleitir, refaveiðar og eitrun, hver í sínum hreppi.

6

14. jan.

50. gr.

Kostnað allan til eitrunar og refaveiða skal greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

XII. kafli.

Um brot og ágreining.

51. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—50 króna sekt, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Sektir allar renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

52. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, skjóta einstöku ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndarinnar.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Austur-Skaftafellssýslu um notkun afrjetta, fjallskil o. s. frv. frá 31. ág. 1891 og viðauki við fjallskilareglugjörðina frá 21. ág. 1895.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellstýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr 14, 22. mars 1890, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. maí 1909.

Í stjórnarráði Íslands 14. janúar 1909.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.